Tjaldur SH 27

Bókun

Mál nr: **2025-032-S-016**

Dagsetning: **16. júní 2025**

Staðsetning: **Holtshraun**

Atvik: **Skipverji fellur í stiga í lest**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguatvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Þann 16. maí 2025 var Tjaldur SH 270 að veiðum við Holtshraun um það bil 15 sjómílur frá Vestmannaeyjum. Hinn slasaði rann til í stiga á leið niður í lest og slasaðist á mjöðm. Siglt var með hann til Vestmannaeyja til aðhlynningar.

Veður var ASA 3-5 m/sek. og sjólítið

1. Helstu staðreyndir

Tjaldur SH 270

Skipaskrár nr. 2158

Útgerð: KG Fiskverkun

Smíðaður: 1992 Tomerfjord Noregi

Stærð: 412 BT

Mesta lengd: 43,2 m

Breidd: 9 m

Vél: Caterpillar 735 kW 1992

Fjöldi skipverja: 15



2. Atvikalýsing

Þann 16. maí 2025 um kl. 17:30 var Tjaldur SH 270 að veiðum við Holtshraun u.þ.b. 15 sjómílur frá Vestmannaeyjum. Veður var ASA 3-5 m/sek. og sjólítið.


Hinn slasaði var á leið niður í lest skipsins og rann til í stiga sem lá niður í lestina (mynd 1). Þegar skipverjinn rann í stiganum fór annar fóturinn á milli rima og missti hann jafnvægið og féll aftur fyrir sig. Hann skall með mjöðmina í stigann og hékk í stiganum á fætinum. Hann náði að losa sig og gera vart við sig. Honum var hjálpað inn í stakkageymslu og þaðan í klefa. Skipstjóri Tjalds hafði samband við Neyðarlínuna sem setti hann í samband við lækni. Læknirinn gaf ráðleggingar um verkjastillingu og í samráði við hann var ákveðið að sigla til Vestmannaeyja. Þegar komið var til Vestmannaeyja tók læknir á móti hinum slasaða og var hann fluttur á sjúkrahús.

Við rannsókn kom í ljós að hann var mjaðmagrindarbrotinn.


3. Greining

Niður í lestina lá einfaldur lóðréttur stigi. Hann var ekki upp við þil þannig að fótur gat farið á milli rima og þils án fyrirstöðu.

Eftir slysið var settur nýr tvöfaldur stigi með þrepum niður í lestina. Mynd 2 sýnir stigann eins og hann var eftir að honum var breytt.



Mynd 1. Stiginn fyrir slysið.



Mynd 2. Stiginn eftir breytingu.

4. Niðurstöður

Ástæða slyssins var að skipverjanum skrikaði fótur í stiga.

Eftir slysið brást útgerðin strax við með því að breyta stiganum þannig að þrep stigans voru breikkuð svo að ekki væri hætta á að fætur gætu runnið í gegnum þrepin.

Samþykkt 18. september 2026.

Guðmundur Freyr Úlfarsson

Pálmi Jónsson

Jón Finnbjörnsson

Hilmar Snorrason

Hjörtur Emilsson

F.h. Rannsóknarnefndar samgönguslysa Jón Pétursson.